

Ed.

696. Nefndarálit

um frv. til laga um höfundarétt.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin litur svo á, að nauðsynlegt sé og réttmætt að koma á fullkomnari löggjöf um höfundarétt heldur en nú gildir. Hinsvegar telur nefndin æskilegt, að slík löggjöf hljóti sem beztan undirbúning og telur því sjálfsagt, að stjórninni sé falið þetta mál til frekari ihugunar.

Nefndin leggur því til, að frv. sé afgreitt með svohljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Um leið og ríkisstjórninni er falið að láta undirbúa löggjöf, sem tryggi höfundum allan sanngjarnan rétt yfir verkum sínum, og leggi frv. um höfundarétt fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. maí 1933.

Jón Jónsson,
form., frsm.

Guðrún Lárusdóttir,
fundaskrifari.

Einar Árnason.